

AUGLÝSING

um breytingu á flugreglum, sbr. auglýsingu nr. 99 10. febrúar 1987.

Vegna breytingar nr. 20 á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Anex, „Rules of the Air“) eru hé með gerðar breytingar á flugreglum, samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, og birtar voru sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 99 10. febrúar 1987 um setningu flugreglna.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka þær gildi hinn 15. janúar 1988.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

Fylgiskjal

Breyting á flugreglum.

1. gr.

Í 3. kafla — Almennar reglur — verða eftirfarandi breytingar:

a) Við gr. 3.7.1 bætist ný athugasemd (ath.) svohljóðandi:

Ath. 2 — Í fylgiskjali B eru leiðbeiningar handa loftförum sem hindruð eru á ólögmætan hátt og geta ekki tilkynnt ATS deild.

b) Gildandi Ath. (athugasemd) 2 verður Ath. 3.

2. gr.

Við flugreglurnar bætist nýtt fylgiskjal svohljóðandi:

Fylgiskjal B.

Ólögmætar hindranir.

1. Almennt.

1.1 Eftirfarandi aðferðir eru ætlaðar til leiðbeiningar loftförum sem verða fyrir ólögmætum hindrunum og geta ekki tilkynnt ATS deild um málið.

2. Aðferðir.

2.1 Flugstjóri ætti að reyna að halda áfram flugi sínu eftir heimiluðum ferli og fluglagi, a.m.k. þangað til hann getur tilkynnt ATS deild eða hann er kominn inn í radarsvæði, nema aðstæður um borð krefjist annars.

2.2 Þegar loftfar sem hefur orðið fyrir ólögmætri hindrun verður að víkja frá heimiludum ferli eða úr heimilaðri hæð án þess að geta haft talsamband við ATS, skal flugstjórinn hvenær sem mögulegt er:

- a) reyna að útvarpa aðvörunum á VHF neyðartíðni og öðrum viðeigandi tíðnum, nema aðstæður um borð í loftfarinu krefjist annars. Annan búnað svo sem radarsvara um borð, gagnarásir, o.s.frv. ætti einnig að nota þegar slíkt er vænlegra til árangurs og kringumstæður leyfa og
- b) halda áfram samkvæmt viðeigandi sérreglum um slíkt óvænt atvik, þar sem slíkar aðferðir hafa verið skipulagðar og tilkynntar í ICAO útgáfunni Doc 7030 „Regional Supplementary Procedures“ eða
- c) ef engar viðeigandi svæðisreglur hafa verið gefnar út, halda áfram í hæð sem er mitt á milli þeirra hæða sem jafnan eru notaðar í blindflugi í svæðinu, þ.e. jöfnu þúsundi, sé flogið hærra en í FL 290, en hálfu þúsundi sé flogið lægra en FL 290. Ath. — Lýsingu á viðbrögðum þegar hindrað loftfar er einelt er að finna í gr. 3.8 í flugreglunum.